


Bakkaá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, mars 1998

VMST-N/98007



**Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild**

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Bakkaá 1997

Inngangur

Seiðastofnar Bakkaár voru kannaðir með rafveiðum dagana 24. júní og 1. júlí 1997. Rafveitt var á átta stöðum. Svipaðar athuganir hafa verið gerðar á útbreiðslu, þéttleika og vexti seiða allt frá árinu 1984, síðast árið 1995 og þar áður árið 1992.

Þótt áin sé öll fiskgeng nýtist hún mjög misvel til seiðauppeldis. Þannig er oft lítil eða engin hrygning í efri hluta árinna, fyrir framan Bakkasel, en uppeldisskilyrði eru góð á um 2-3 km kafla fyrir framan vaðið. Þar fyrir framan fellur áin hins vegar um mýrlendi og liðast um hallalítið land og er skjóllítill. Að auki er áin orðin mjög lítil þegar þangað er komið. Uppeldisskilyrði fyrir lax eru því mjög takmörkuð þegar svo framarlega er komið.

Í gílinu neðan til í ánni er einnig oft misbrestur á að klak komist á legg, líklega aðallega fyrir það hve mölin í gílinu er létt og mikil hreyfing á henni. Þar hefur því oft verið sleppt seiðum í gegnum tíðina.

Bakkaá er tiltölulega auðveidd og því er hætt á að hrygning sé mjög misdreifð í ánni og stundum hefur því verið gripið til seiðasleppinga á aðra kafla árinna einnig. Sumarið 1995 var þannig sleppt töluverðu magni af seiðum á þann kafla árinna sem oftast stendur undir mestri gönguseiðaframleiðslunni, þ.e. frá Fossi og niður undir þar sem gilið byrjar.

Veiðin 1997

Reynt hefur verið að meta árangur smáseiðasleppinga með greiningu hreistursýna af veiddum löxum. Árangurinn hefur orðið nokkuð misjafn, en í metárinu 1988 (Tafla 1) mátti þó rekja yfir 40% smálaxa í veiðinni til smáseiðasleppinga og væntanlega hefur það sama gilt um stórlaxa sem veiddust árið 1989, en skýrslur liggja ekki fyrir um veiðina það árið.

Sumarið 1997 veiddust 33 laxar í Bakkaá, þar af 22 smálaxar og 11 stórlaxar. Hreistursýni bárust af allst 19 löxum, þar af 10 smálöxum. Niðurstöður aldursgreiningar er að finna í Töflu 2. Einungis einn smálax var hægt að rekja til smáseiðasleppinga 1995, en eins og kemur fram hér á eftir virðist stærsti hluti þeirrar

sleppingar ekki hafa náð sjóþroska fyrr en 1997, og það sama gildir líklega um sleppinguna 1994, en seiði sem sleppt var þá voru bæði smá og ræfilsleg og voru sein til að taka við sér í ánni.

Reyndar viðist hluti sleppingar frá 1992 ekki hafa farið út fyrr en sem 3+ seiði 1995 og svo virðist sem tvo af þeim stórlöxum sem voru með þriggja ára ferskvatnsaldur og sýni voru tekin af eigi uppruna sinn í þessari sleppingu (Tafla 2).

Tafla 1. Veiði í Bakkaá samkvæmt skýrslum sem skilað hefur verið til Veiðimálastofnunar.

Ártal	Laxveiði			Bleikja	Urriði
	smálax	stórlax	samtals		
1997	22	11	33	2	-
1996	14	19	33	2	-
1995	28	10	38	-	-
1994	2	10	12	-	-
1993	32	13	45	-	-
1992	44	29	73	-	-
1991	36	15	51	2	2
1988	105	18	123	-	-
1987	23	20	43	-	-
1986			115		
1985			85		
1984			39		
1983			57		
1981			40		
1980			21		
1979			105		
1978			93		
1977			66		
1974			44		

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum veiddum í Bakkaá sumarið 1997.

Aldur í ferskvatni	Fjöldi smálaxa	Fjöldi stórlaxa
1	1	
2		
3	5	3
4	3	6
5	1	
Samtals	10	9

Ástand seiðastofna

Rafveitt var á átta stöðum og voru sömu eða svipaðir staðir valdir til rafveiðanna og í fyrri athugunum, enda voru þeir upphaflega valdir til að gefa sem nákvæmasta mynd af útbreiðslu og þéttleika mismunandi árganga laxaseiða. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 3 og á Myndum 2a og 2b. Eins og ávalt hefur verið voru laxaseiði í yfirgnæfandi meirihluta á öllum rafveiðistöðum, en auk laxaseiða veiddust 1-2 urriðaseiði á þremur stöðum. Bleikjuseiði veiddust hvergi.

Tafla 3. Fjöldi seiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Bakká 24. júní og 1. júlí 1997.

Staður (nr.)	Stærð (m)	Lax					Urriði
		0+	1+	2+	2+ss/3+	3+ss	
1	40x9	-	0.3	1.1	-	0.3	0.3
2	35x8	-	1.8	1.8	-	0.7	-
3	25x9	-	14.7	0.4	-	0.9	-
4	30x8	-	11.2	10.0	-	-	-
5	25x8	-	8.0	3.0	4.0	-	0.5
6	50x7	0.3	12.0	-	3.4	-	0.6
7	50x6	-	5.0	1.3	3.7	-	-
8	55x6	-	-	-	5.5	4.5	-

Vorgömul laxaseiði sáust á einum stað, en þau voru enn ekki búin að ljúka kviðpokanum og því ekki farin að dreifa sér frá hrygningarstöðum. Því er lítið á þessum niðurstöðum að byggja hvað varðar styrkleika og útbreiðslu klakárgangsins frá 1997.


Eins árs seiði fundust á öllum rafveiðistöðunum utan þeim neðsta, og voru þau víðast hvar í miklu magni, en þó minnst á tveimur efstu stöðunum. Þessum árgangi á þó eflaust eftir að fjölga efst í ánni því þéttleiki 1+ seiða var mikill við Bakkaselsvaðið (staður 3). Seiðin leita upp ána með tímanum, og ekki er um gönguhindrarnir að ræða fyrir seiði á þessu svæði.

Tveggja ára seiði úr náttúruklaki fundust víða, en hvergi í miklum mæli nema á stað 4, sem er skammt fyrir ofan Fossinn. Það vekur athygli að meira fannst af 2+ seiðum á stöðum 1 og 2, en á stað 3. Svo virðist sem hrygning hafi átt sér stað mjög ofarlega í ánni haustið 1994 (klak 1995), en seiðin dreifast mjög takmarkað niður ána og því nýtir þessi árgangur fremur illa uppeldissvæðin fyrir framan Bakkasel.


Á svæðinu frá Fossi og niður að gili (staðir 5-7) bar töluvert á seiðum úr sleppingu 1995, en þau eru blönduð náttúrulegum 3+ seiðum og stærðin greinir þau ekki að. Svo virðist sem seiðin hafi ekki náð eins góðri fótfestu í ánni og vonir stóðu til og að stór hluti þeirra nái ekki sjóþroska fyrr en eftir þrjá vetur í ánni. Sömu sögu er reyndar að

segja um seiði sem sleppt var sumarið 1994. Vottur af þessum seiðum fannst á efstu rafveiðistöðunum, en þau fundust þó í mestu magni á stað 8, sem er neðarlega í gilinu. Seiðin úr sleppingunni 1994 voru öll í göngubúningi og á leið til sjávar.


Niðurstöður rafveiðanna gáfu ekki tilefni til að sleppa seiðum í ána sumarið 1997. Líkur benda til að rúmt verði á seiðum í gilinu sumarið 1998, en það er þó alltaf álitamál hvort ráðlegt sé að sleppa seiðum án undangenginnar athugunar. Því væri líklega skynsamlegast að sleppa ekki seiðum sumarið 1998 og ekki taka ákvarðanir um sleppingar fyrr en að undangenginni athugun fyrri part sumars 1999.



Mynd 1. Yfirlitskort af Bakkaá. Rafveiðistaðir sumarið 1997 eru merktir inn á kortið.



Mynd 2a. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða á rafveiðistöðum í Bakkaá fyrir framán Foss 24/6 og 1/7 1997.



Mynd 2b. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða á rafveiðistöðum í Bakkaá fyrir neðan Foss 24/6 og 1/7 1997.